

Nánari upplýsingar veita:

Aðstoðarskólastjóri:
Póra Björk Guðmundsdóttir
Netfang: thora@sunnulaek.is

Námsráðgjafi:
Heiður Eysteinsdóttir
Netfang: heidur@sunnulaek.is

Deildastjóri eldra stigs:
Kristín Guðlaug Magnúsdóttir
Netfang: kristingm@sunnulaek.is

Sunnulaekjarskoli.is

**Til nemenda í 9.-10.bekk
og foreldra/forráðamanna þeirra.**

Í þessum bæklingi er fjallað um valkerfi Sunnulækjarskóla á unglingastigi og gildir hann fyrir skólaárið 2011-2012.

Þegar nemandi sest í 9.eða 10. bekk Sunnulækjar-skóla verða talsverðar breytingar á tilhögun náms frá því sem verið hefur. Það sem einkennir námið í þessum bekkjum er aukið námsval sem gerir nemendum kleift að velja sér námsgreinar og Læk; Samfélagsfræðilæk, Raungreinalæk og Málalæk, við hæfi eftir áhuga og í samræmi við framtíðar-markmið.

Valgreinar í 9.-10. bekk eru ýmist verklegar eða bóklegar og vonandi finna flestir nemendur eitthvað við sitt hæfi. Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið nám, t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla eða íþróttanám metið sem 2 kest./viku.

Ekki er víst að við getum alltaf orðið við ýrtruðu óskum nemenda um val og mun þá næsti valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

Gleði



Frelsi



Vinátta



Hvernig veljum við?

- Nemendur sem munu hefja nám í 9.-10. bekk byrja á því að velja **einn LÆK** af þremur á valblaðinu. Þar með binda nemendur fjóra tíma af 8 valtímum (sjá fög undir lækjarheiti). Þetta er það sem við köllum bundið val. Mikilvægt er að velja LÆK í ljósi áhuga eða framtíðarmarkmiða í námi.
- Næst velja nemendur fjórar valgreinar sem eru 2 kennslu- stundir á viku í óbundnu vali.
Ath. að nemandi stundar tvær valgreinar fyrir áramót og tvær eftir áramót.
- Peir nemendur sem stunda annað nám samhliða skólanum s.s. Tónlistar- eða íþróttanám geta fengið það metið sem valgrein. Skila þarf inn til skólans staðfestingu á náminu.

Valið er bindandi — svo vandið valið.

Málalækur - bundið val - faglýsingar

Íslenska:

Markmiðið er að nemendur sem þess óska fái meira krefjandi verkefni en þau sem boðið er upp á í almennri kennslustundum í íslensku.

Áhugi er vakinn á lestri góðra bóka og stuðla að sjálfstæðum lestri nemenda í fagurbókmenntum. Fjallað verður um áhrif bókmennta og tilfinningar sem þær vekja. Leitast verður við að efla skilning nemenda á fagurbókmenntum og sjálfstæða túlkun þeirra .

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Enska:

Markmiðið er að nemendur sem þess óska fái meira krefjandi verkefni en þau sem boðið er upp á í almennri kennslustundum í ensku.

Áhugi er vakinn á enskri menningu og lestri góðra bóka. Nemendur vinna ýmis einstaklings- og hópverkefni.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Fatasaumur 10.bekk

Námslýsing: Nemendur kynast grunnatriðum í máltöku og sníðavinnu. Kennst verður að taka snið upp úr sníðablöðum og einföld flík saumuð. ATH. Velji nemandi fatasaum gildir það val bæði fyrir og eftir áramót.

Umferðafræðsla 10.bekk

Námslýsing: Er ætlað nemendum til að læra umferðareglur og þjálfa sig fyrir ökunám í framtíðinni.

Franska 10.bekk

Námslýsing: Kennst verða undirstöðuatriði tungumálsins þar sem mikil áhersla er lögð á framburð og hlustun. Nemendur fá að kynast lítillga franskri menningu og frönskumælandi löndum. U.þ.b. 170 milljónir íbúa heims tala frönsku.

Nám og störf 10.bekk

Námslýsing: Áhersla á námstækni, sjálfsskoðun, framhaldsskóla, atvinnumarkað og starfskynningar.

- Nemendur vinna verkefni tengd námstækni sem miða að því að þeir finni hvaða námstækni henti þeim best og hvaða þætti hennar er mikilvægt að endurskoða.
- Nemendur skoða áhugasvið sitt og hæfileika og hvar þeir fái best notið sín.
- Nemendur þjálfast í að setja sér markmið og horfi til framtíðar.

Nám utan skóla 9. og 10.bekk

Námslýsing: Nám við tónlistarskóla, myndlistarskóla, reiðskóla, skákskóla, ballettskóla eða einhvern annan skóla kann að verða viðurkennt sem valgrein

ATH: Faglýsingar eru birtar hér með fyrirvara um breytingar á námskrá.

Óbundið val - faglýsingar áframhald.

Myndlist og sköpun 9.bekk

Námslýsing: Unnið verður með leir og efni sem tengjast leirmótun. Nemendur kynnast undirstöðuatriðum í leirmótun og fá kynningu á helstu aðferðum við mótun leirs svo sem plötuaðferð, kúluaðferð og pulsuaðferð. Áhersla er lögð á mikilvægi skissugerðar og fylgja þannig eigin listsköpunar og hugmyndavinnu eftir þangað til leirmunurinn er tilbúinn. Unnið verður með fjölbreytileg form, þau skoðuð og velt upp möguleikum á ýmskonar samsetningu og samspili, innihalds og skreytinga. Nemendur fá kynningu á þróun leirlistar/keramikgerðar í listasögulegu samhengi.

Myndlist og sköpun 10.bekk

Námslýsing: Unnið verður m.a. með módelteikningu, uppstillingu, hlutateikningu, lita- og formfræði. Áhersla lögð á ferilvinnu (skissugerð, hugmyndavinnu, þróun verkefnis og tengsl við listasögu) Einnig unnið með olíuliti á striga, leir og glerunga. Áhersla lögð á að kynna nútímalist

Táknmál 9.bekk

Námslýsing: Íslenska táknmálið er fyrsta mál um 300 Íslendinga og er stór hluti af menningu samfélags heyrnarlausra hér á landi. Stafrófið verður kennt sem er undirstaða í táknmáli. Nemendur læra einnig að bjarga sér á íslensku táknmáli við einfaldar aðstæður. Auk þess verður menning og saga heyrnarlausra kynnt fyrir nemendum.

Námstækni 9.bekk

Námslýsing: Áhersla á námstækni og sjálfsskoðun. Nemendur vinna verkefni tengd námstækni sem miða að því að þeir finni hvaða námstækni henti þeim best og hvaða þætti hennar er mikilvægt að endurskoða. Nemendur skoða áhugasvið sitt og hæfileika og hvar þeir fái best notið sín. Nemendur þjálfast í að setja sér markmið og horfi til framtíðar.

ATH: Faglýsingar eru birtar hér með fyrirvara um breytingar á námskrá.

Samfélagsfræðilækur - bundið val-faglýsingar

Saga:

Leitast er við að breikka sögusviðið þannig að auk stjórnmála sé vikið að öðrum þáttum mannlífs svo sem menningu í víðri merkingu, siðum og trú, hugarfari og hugmyndastefnum, efnahag og umhverfismálum, félagslegum málum hverskonar og þar á meðal sögu fjölskyldu, kynja og barna.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Landfræði:

Markmið kennslu í landfræði er að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélag og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari. Hún fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi. Greinin fjallar m.a. um og útskýrir samfélagið með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru og veitir yfirsýn yfir lífsskilyrði, lífshætti og lífskjör manna á jörðinni.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Raungreinalækur - bundið val - faglýsingar

Í Raungreinalæk verður unnið með líffræði og eðlisfræði og leitast við að gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína og vinna að áhugasviðsverkefnum.

Líffræði: Fjallað verður um umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og vistfærði og rýnt verður í okkar nærumhverfi. Samvinna af ýmsu tagi er í bland við einstaklingsvinnu.

Eðlis- og efnafræði: Stjórnufræðin verður tekin fyrir og farið í heimspekilegar vangaveltur um hvernig hlutirnir virka, dæmi: hvers vegna er himininn blár? Farið verður í að skoða hermiforrit og gerðar tilraunir. Farið verður í hreyfifærði og bylgjufræði.

Stærðfræði

Nemendur vinna með ýmsar þrautir og verkefni sem ýta undir rökhugsun.

Kennsluefni: Valið efni og ljósrit og einnig efni af netinu.

Óbundið val - faglýsingar

UT 9.bekk

Námslýsing: Nemendur vinna með fjölbreytt forrit. Áhersla er lögð á skapandi vinnu. Nemendur fá tækifæri til þess að vinna verkefni sem tengjast þeirra áhugasviði.

Íþróttir og heilsa 9. og 10.bekk

Námslýsing: Meginviðfangsefni áfangans er fjölbreytt líkamsrækt. Tímar eru ýmist verklegir og/eða bóklegir. Farið er yfir reglur í helstu íþróttagreinum. Kennt er í íþróttahúsinu og nánasta umhverfi þess.

Dans 9.bekk

Námslýsing: Á þessu valnámskeiði verður lögð áhersla á funkdan, freestyle, jassballett og fleiri dansstíla. Dansað verður eftir skemmtilegum og vinsælum lögum. Markmiðið er að nemendur kynnist ólíkum dansstílum og öðlist hæfni í að greina mismunandi stíla. Fáir kennslu í jassballett með áherslu á fjölbreytileikann sem í honum felst.

Heimilisfræði 9. og 10.bekk

Námslýsing: Farið verður í helstu matreiðslu- og bakstursaðferðir, næringu og hollustu. Nemendur fá innsýn í matreiðslu veislumatar.

Textíl 9.bekk

Námslýsing: Nemendur nýti sér áunna þekkingu í textíl og velji sér verkefni eftir áhugasviði. Verkefnin geta verið margvísleg s.s. í prjóni, hekli, útsaumi og vélsaumi.

Smíði og hönnun 9. og 10.bekk

Námslýsing: Lögð verður áhersla á þróun hugmynda. Notaður verður fjölbreyttur efniviður s.s. ýmis konar timbur, málmar o.fl. Reynt að gefa hverjum nemanda frjálssar hendur í verkefnavali.

Fjölmiðlun—tímaritahönnun 10.bekk

Námslýsing: Gefið verður út blað á vegum skólans og nokkur smærri fréttablöð á tímabilinu. Markmiðið er að nemendur fái reynslu í að gefa út blöð og leita f' rétta úr samfélaginu. Einnig væri möguleiki að halda úti fréttum á heimasíðu skólans.

Útivist 9. og 10.bekk

Námslýsing: Í útiveru verður einungis verið úti og allir klæða sig eftir veðri. Farið verður í gönguferðir, hjólaferðir, sundferðir o.fl. Alls konar leikir verða og nemendur búa til ratleiki. Reynt verður að vinna útfrá hugmyndum nemenda.

Hár og förðun 9.bekk

Námslýsing: **Námslýsing:** Nemandinn kynnist helstu aðferðum og efnum sem notuð eru við hárvott og hárnæringu og fræðist um ph-gildi hárs. Hár skoðuð í smásjá. Nemandi þjálfast í að hanna og útfæra hárgreiðslur og kynnist mismunandi tímabilum í sögu hársins og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum og tímaritum.

Farið verður í þróun hártísku og skoðað hvað einkennir stílbrigði ólíkra tímabila. Farið verður í vettvangsferð á hárgreiðslustofu. Nemendur læra verklag við einfalda förðun og rétt val á hreinsivörum og andlitskremum.

Bókmennta-og kvikmyndagagnrýni 9. og 10.bekk

Námslýsing: Nemendur lesa saman bækur og horfa á myndir með gagnrýnni hugsun. Þetta verða nokkurs konar leshringir þar sem allir lesa bók og fjalla síðan um hana. Einnig verður horft á bíómyndir og fjallað um þær.